

***BORGARSTJÓRN 27.2.'18: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri unglunga R-18020254***

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka atvinnutækifæri unglunga með því að gera ráð fyrir hlutastörfum á elliheimilum, frístundaheimilum yngsta stigs grunnskóla og á leikskólum á veturna sem eru ætluð unglingum með skóla og þannig aðstoða borgina með mönnun á þessa staði sem erfitt hefur verið að fá starfsfólk.

Greinargerð:

Tillaga okkar snýst um auka atvinnumöguleika nemenda á unglingastigi grunnskóla. Að unglingum verði boðið upp á vinnu á leikskólum, frístundaheimilum og í félagsstarfi með eldri borgurum og taki þar með þátt í samfélaginu og leysi vanda stofnana sem eru í leit að starfsfólki. Þetta er hugsuð sem vinna í 2-3 tíma á dag að loknum skóladegi. Áhugasamir umsækjendur myndu gangast undir atvinnuviðtal hjá starfsmanni félagsmiðstöðvar og stjórnanda viðeigandi stofnana sem og að þátttaka í skóla og mæting væri metin. Þetta mun hafa bæði jákvæð áhrif á samfélagið og auka reynslu ungmenna á atvinnumarkaði. Við krefjumst þess að tillaga okkar taki gildi að loknu sumri 2018.